

Tónlistarskólinn á
Akranesi

PEMA

Vika

30. október - 3. nóvember 2023

TOSKA



Kæru nemendur og foreldrar

Uppbrot verður á allri kennslu í Tónlistarskólanum vikuna 30. október - 3. nóvember. Í stað hefðbundinnar kennslu bjóðum við upp á ýmiskonar námskeið eða smiðjur. Í þessum bæklingi má finna upplýsingar um allar þær smiðjur sem við bjóðum uppá þessa vikuna, hvaða aldri þær henta og fleira. Miðað er við að nemandi í heilu námi velji sér að minnsta kosti tvær smiðjur þessa vikuna í stað síns einkatíma og nemandi í hálfu námi velur sér að minnsta kosti eina smiðju.

Við vonum að nemendur og foreldrar gefi sér tíma til að skoða bæklinginn heima og finna skemmtilegar smiðjur til að taka þátt í. Hljóðfærakennarar nemandans sjá svo um að skrá nemendur í viðeigandi smiðjur.

Við vonum að allir finni sér eitthvað við sitt hæfi og hafi gaman af :)

DE
MA
MA



EFNISVÆRLIT



Leikskólaaldur

1. - 2. bekkur

3. - 4. bekkur

5.- 7. bekkur

Unglingar

Fullorðnir

Allur aldur og opnir viðburðir

Bleikt

Bleikt

Appelsínugult

Fjólublátt

Grænt

Blátt

Gult



Tónstafastuð

Aldur: 1. - 2. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 14 - 14:40

Staður: Tónfræðistofa

Spilum saman á tónstafi.

Lituð rör sem við sláum, þau gefa okkur mismunandi tóna eftir litum.

Spilum allskonar lög og skemmtum okkur saman.

Hentar vel krökkum í forskólanum og í Suzuki námi.



Tónlistarleikir

Aldur: leikskóli - 1. bekkur

Tímasetning: föstudagur kl 15:15

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Tónlistarleikir fyrir öll börn frá 3-7 ára. Opið fyrir öll börn hvort sem þau eru í tónlistarnámi, eða langar í tónlistarnám.

Farið verður í rythmaleiki, hermileiki, sungið og fleira skemmtilegt.

Foreldrar verða að vera með þeim börnum sem eru á leikskólaaldri og eru hvattir til að vera líka með þeim eldri.

Tónlistin í teiknimyndum

Aldur: 1.-2. bekkur

Tímasetning: Þriðjudagur kl 14:00

Staður: Tónberg

Við ætlum að horfa á teiknimyndir þar sem tónlist og hljóðfæri spila stórt hlutverk.


Við lærum að þekkja hljóðfærin, nöfn þeirra, útlit og hljóð.

Við syngjum lög úr teiknimyndum og dönsu.

Foreldrum er velkomið að fylgja barninu.



KARAOKE



Aldur: 3.-4. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 14:00

Staður: Tónberg

Elskar þú að syngja?
Langar þig að syngja
uppáhaldslögin þín í
míkrafón með vinum
þínum?

Þá er tækifærið
núna!

Skráðu þig í
KARAOKE í
þemavikunni.

Tónstafastuð

Aldur: 3.-4. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 15.00

Staður: Tónfræðistofa

Spilum saman á tónstafi

Lituð rör sem við sláum, þau gefa okkur mismunandi tóna eftir litum

Spilum allskonar lög og skemmtum okkur saman

Hentar nemendum á öllum hlóðfærum



Ukulele fyrir byrjendur

Aldur: 3.-4. bekkur

Tímasetning: Þriðjudagur kl 15:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa



Ukulele námskeið ætlað fyrir algjöra byrjendur þar sem við lærum nokkra hljóma saman og æfum okkur í að spila lög að eigin vali.

Söfnumst saman í hring og skiptumst á að klappa, stappa og spila á allskyns slagverk. Spilum saman trommutakta sem við þekkjum öll og lærum líka nýja takta á trommurnar.

Markmiðið er að geta spilað öll saman sem ein stór trommuhljómsveit.



Trommuhringur

Aldur: 3.-4. bekkur

Tímasetning: miðvikudagur kl 15:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Spurningakeppni

Aldur: 3.-4. bekkur

Tímasetning: miðvikudagur kl 14:00

Staður: Tónberg

Spurningakeppni eins og hún gerist best!

- Hraðaspurningar
- Bjölluspurningar
- Leikin atriði

Um að gera að mæta með keppnisskapið og að sjálfsgöðu góða skapið!



SPURNINGAR



Spunatónlistarleikir

Aldur: 2. - 4. bekkur

Tímasetning: föstudagur kl 14:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa


Getur maður gert önnur hljóð á hljóðfærið sitt heldur en að spila með fallegum tón?

þarf maður alltaf bara að spila það sem stendur á blaði og einhver annar bjó til?

Kennarar námskeiðisins ætla að kenna nemendum nokkur hjálpleg atriði til að gera þau hugrakkari í að búa til sína eigin tónlist á staðnum.

Við ætlum opna hljóðheim hljóðfæranna út fyrir hefðbundinn ramma og hvetja þau til að nota hljóðfærin sín á óhefðbundinn hátt. Við munum nota ýmsa tónlistarleiki til að hjálpa nemendum að víkka út sjóndeildarhringinn.

KARAOKE



Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 15:00

Staður: Tónberg

Elskar þú að syngja?
Langar þig að syngja
uppáhaldslögin þín í
míkrafón með vinum
þínum?

Þá er tækifærið
núna!

Skráðu þig í
KARAOKE í
þemavikunni.

Spurningakeppni

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 16:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Spurningakeppni eins og hún gerist best!

- Hraðaspurningar
- Bjölluspurningar
- Leikin atriði

Um að gera að mæta með keppnisskapið og að sjálfsgöðu góða skapið!



SPURNINGAR

Spuni fyrir blásara

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: mánudagur kl 17:00

Staður: Skólahljómsveit

Langar þig að læra spuna?

Lærum að spinna saman á blásturshljóðfæri, bæði saman og í sitthvoru lagi.

Horfum á þögula mynd og leyfum tónunum okkar að flæða við hana.



Sönghópur

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: Þriðjudagur kl 16:00

Staður: Stofa 12



Gerum allskonar
upphitunaræfingar
fyrir röddina og æfum
saman skemmtilegt
lag í 2-3 röddum.

Ukulele fyrir byrjendur

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: miðvikudagur kl 15:00

Staður: Tónberg



Ukulele námskeið ætlað fyrir algjöra byrjendur þar sem við lærum nokkra hljóma saman og æfum okkur í að spila lög að eigin vali.



Tónstafastuð

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: miðvikudagur kl 15.30

Staður: Tónfræðistofa

Spilum saman á tónstafi.

Lituð rör sem við sláum, þau gefa okkur mismunandi tóna eftir litum.

Spilum allskonar lög, bæði krefjandi og skemmtileg.

Hentar nemendum á öll hljóðfæri

Söfnumst saman í hring og skiptumst á að klappa, stappa og spila á allskyns slagverk. Spilum saman trommutakta sem við þekkjum öll og lærum líka nýja takta á trommurnar.

Markmiðið er að geta spilað öll saman sem ein stór trommuhljómsveit.



Trommuhringur

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: miðvikudagur kl 16:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Á STOMP-
námskeiðinu
munum við spila
nokkra
trommutakta á
alls konar dót,
eins og til dæmis:

- bala
- ruslatunnur
- kústsköft
- dósir
- krukkur
- og ýmislegt
fleira



Stomp

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: fimmtudagur kl 15:15

Staður: Tónberg

Leynist í þér tónskáld sem langar til að brjótast út?

Tónverk geta verið alls konar, frá stuttum fallegum lögum yfir í stórar og flóknar tónsmíðar.

Farið verður undirstöðuatriðin og nemendum gefið tækifæri á að víkka út sjóndeildarhringinn þegar kemur að tónsmíðum.

Nemendur munu fá ýmis tæki og tól úr verkfæratöskunni til að hjálpa þeim að koma sinni rödd niður á blað og dýpka skilning þeirra á tónsmíðuferlinu.




Tónsmíðar

Aldur: Unglingar

Tímasetning: mánudagur kl 16:00

Staður: Tónfræðistofa

KARAOKE



Aldur: Unglingar

Tímasetning: mánudagur kl 16:00

Staður: Tónberg

Elskar þú að syngja?
Langar þig að syngja
uppáhaldslögin þín í
míkrafón með vinum
þínum?

Þá er tækifærið núna!
Skráðu þig í KARAOKE í
þemavikunni.

Gítarhljómar og sóló

Aldur: Unglingar

Tímasetning: Þriðjudagur klukkan 16:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Fyrir spunaglaða gítarleikara



Á námskeiðinu lærum við tvær hljómararaðir og leikum okkur að búa til sóló yfir þær.

Ukulele fyrir byrjendur

Aldur: Unglingar

Tímasetning: miðvikudagur kl 16:00

Staður: Stofa 2



Ukulele námskeið ætlað fyrir algjöra byrjendur þar sem við lærum nokkra hljóma saman og æfum okkur í að spila lög að eigin vali.

Söfnumst saman í hring og skiptumst á að klappa, stappa og spila á allskyns slagverk. Spilum saman trommutakta sem við þekkjum öll og lærum líka nýja takta á trommurnar.

Markmiðið er að geta spilað öll saman sem ein stór trommuhljómsveit.



Trommuhringur

Aldur: Unglingar

Tímasetning: miðvikudagur kl 17:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa



Hljóðupptökur

Fyrstu skrefin

Aldur: Unglingar

Tímasetning: fimmtudagur kl 16:00

Staður: Stúdíó

Hvernig tekur maður upp lag í stúdíói?

Farið verður yfir undirstöðuatriði í hljóðupptökum með tölvu/ipad
Gott ef nemendur geta mætt með eigin Ipad/tölvu

- Unnið verður með forritið Garagband
- Hvernig tengir maður hljóðnema og hljóðfæri við tölvu
- Hvernig tekur maður upp
- Hvernig vinnur maður með hljóðið eftir á
- Hljóðblöndun
- Hvernig sameinar maður fjölrása upptöku í eina loka afurð

Orgelsmiðja

Aldur: 5.-7. bekkur

Tímasetning: fimmtudagur kl 16:00

Staður: Akraneskirnkja

Förum yfir uppbyggingu og sögu orgelsins og prófum hljóðfærið.



Hljómsveitaræfing

Aldur: Unglingar

Tímasetning: fimmtudagur kl 16:30


Staður: Skólahljómsveitarstofa

Allir spila á allt

Æfum lag með einföldum hljómagangi og munu nemendur skiptast á hljóðfærum. Vonandi ná allir að spila á öll hljóðfærin í hljómsveitinni.

Hljóðfæri: Trommur og slagverk, bassi, gítar, hljómborð, ukulele





Ítalska í tónlist

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: mánudagur kl 17:00

Staður: Tónfræðistofa



Af hverju er ítalska notuð í tónlistinni?

Viltu vita þetta, hlusta á skemmtilegar sögur, gera krossgátur ofl?

Skráðu þig í þetta í þemavíkunni.

LATIN NÁMSKEIÐ

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: mánudagur kl 19.30

Staður: Skólahljómsveitarstofa

Myndum slagverkshring þar sem við kynnumst grunnrytmum helstu slagverkshljóðfæra í Latin tónlist. Æfum staka rytma og spilum svo saman.



Ukulele fyrir byrjendur

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: Þriðjudagur kl 17:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa



Ukulele námskeið ætlað fyrir algjöra byrjendur þar sem við lærum nokkra hljóma saman og æfum okkur í að spila lög að eigin vali.

Complete Vocal Technique

Kynning

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: Þriðjudagur kl 17:30

Staður: Stofa 12

Á námskeiðinu kynnumst við helstu hugtökum CVT-söngtækninnar og prófum að beita röddinni á fjölbreyttan hátt, með tilliti til mismunandi tónlistarstíla.



ÞAÐ JAFNAST EKKERT Á VIÐ

Djass

Aldur: Unglingar og fullorðnir

Tímasetning: miðvikudagur kl 18:00

Staður: Stúdíó

- Langar þig að taka þátt í djass-samspili?
- Á þessu námskeiði munum við glíma við tvö þekkt djasslög og prófa að spila þau útfrá hljómunum og laglínunum auk þess að prófa spuna útfrá laglínunum.
- Lögin sem við tókum fyrir eru Summertime og Watermelon man
- Skilyrði eru að þáttakendur geti spilað einfalda hljóma og tónstiga.
- Á námskeiðinu munu nemendur einnig læra nýja hljóma og læra ýmsar aðferðir sem tíðkast í spuna.



Söfnumst saman í hring og skiptumst á að klappa, stappa og spila á allskyns slagverk. Spilum saman trommutakta sem við þekkjum öll og lærum líka nýja takta á trommurnar.

Markmiðið er að geta spilað öll saman sem ein stór trommuhljómsveit.



Trommuhringur

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: miðvikudagur kl 18:00

Staður: Skólahljómsveitarstofa



Hljóðupptökur

Fyrstu skrefin

Aldur: fullorðnir

Tímasetning: fimmtudagur kl 16:00

Staður: Stúdíó

Hvernig tekur maður upp lag í stúdíói?

Farið verður yfir undirstöðuatriði í hljóðupptökum með tölvu/ipad
Gott ef nemendur geta mætt með eigin Ipad/tölvu

- Unnið verður með forritið Garageband
- Hvernig tengir maður hljóðnema og hljóðfæri við tölvu
- Hvernig tekur maður upp
- Hvernig vinnur maður með hljóðið eftir á
- Hljóðblöndun
- Hvernig sameinar maður fjölrása upptöku í eina loka afurð

Tónlistarsaga

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: fimmtudagur kl 18:00

Staður: Tónfræðistofa

Tónlistarsagan í tali og tónum.
Við förum hratt yfir söguna
og hlustum á fjölbreytta tónlist
frá ýmsum tímabilum.



HALLOWEEN



Draugatónleikar

Draugatónleikar í tilefni Halloween, mánudaginn 30. okt kl. 18 í Tónbergi.

Leikin verða drungaleg lög við daufa lýsingu. Öll velkomin!

BOO!

TOSKA

Jóðli

Smíðja

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: Þriðjudagur kl 18:00 Staður: Tónberg



Leyfðu þér að svífa upp með ánni Rín til Alpafjallanna og finna hvernig raddböndin þenjast af náttúrunnar hendi í dýrindis hljómunum af jóðli!

Við kynnumst grunnraddbeitingu í jóðl-söng og lærum um uppruna tónlistarinnar í suður-Týról.

Frjáls fatnaður en Dirndl og Lederhosen eru sérstaklega velkomin!

Opinn viðburður

TOSKA

Dúó *Stemma*

Aldur: Börn á öllum aldri

Tímasetning: miðvikudagur kl 17

Staður: Tónberg

Fjölskyldutónleikar með

Dúó Stemmu sem eru:

Herdís Anna Jónsdóttir

víóluleikari og

Steef van Oosterhout
slagverksleikari.

Þau spila, syngja og leika á ýmis hljóðfæri, hefðbundin og heimatilbúin. Tónleikhús sem er fullt af skemmtilegum hljóðum, íslenskum þulum og lögum.



HARVOKUBAL



Allur aldur

Fimmtudagur 2. nóvember

Danskennsla kl. 16.30

Ball kl. 18.00

Staður: Tónberg

Langar þig að læra gömlu dansana?
Þá er tækifærið núna.

Danshópurinn Komið og dansið kennir okkur nokkur lauflétt spor og svo í beinu framhaldi höldum við harmonikuball, þar sem allir helstu gömlu dansarnir verða með.

Komdu og dansaðu með okkur polka, vals, bugg og ekki má gleyma kokkinum



BINGÓ

Aldur: 4.-10. bekkur

Tímasetning: föstudagur kl 15:00

Staður: Tónberg

Létt tónlistarbingó. Í stað talna er heiti laga sem hlustað er á og hakað við.

Létt verðlaun eru í boði.



QUIZ BAR

QUIZ

NIGHT

Aldur: Fullorðnir

Tímasetning: föstudagur kl 16:30

Staður: Útgerðin

Fullorðnir nemendur og kennarar skólans takast á í æsispennandi tónlistarpubquiz. 20 ára aldurstakmark!